



Fundur háskólaráðs 21. desember 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 15.12.2000 10:55:54
Dags: 21.12.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331



Fundargerð 21. desember 2000.pdf

19/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 21. desember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagður fram listi fulltrúa háskólaráðs í dómnefndum.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Vilhjálmí Árnasyni, forseta heimspekideildar, er varðar breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 vegna sameiningar íslenskukorar og skorar íslensku fyrir erlenda stúdenta í heimspekideild. Samþykkt einróma.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagt fram bréf frá Sigríði Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Hollvinasamtaka Háskóla Íslands, þar sem óskað er eftir því að háskólaráð kjósi fulltrúa sinn í stjórn Hollvinasamtaka Háskóla Íslands til næstu tveggja ára. Rektor var falið að tilnefna fulltrúa.

3. Mál til kynningar

- 3.1 Fram var lagður ársreikningur Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 1999.

4. Mál á dagskrá

- 4.1 Dagskrá funda og verkefni háskólaráðs á vormisseri 2001.
Fram var lögð endurskoðuð dagskrá, sem rektor skýrði.
- 4.2 Skipting fjárveitinga.
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar að skiptingu fjárveitinga og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögunum frá þeim tillögum sem lagðar voru fram á síðasta fundi ráðsins. Fram voru lögð bréf frá forsetum raunvísinda- og verkfræðideilda. Guðmundur G. Haraldsson, fulltrúi verkfræði og raunvísinda óskaði eftir að formlegri afgreiðslu verði frestað en deildum falið að gera sínar áætlanir miðað við fyrirbyggjandi tillögu. Samþykkt var einróma að fela deildum og stofnunum að gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu.
Fjármálanefnd og sérstaklega formanni voru þökkuð góð störf.
- 4.3 Skipun afmælisnefndar vegna 90 ára afmælis Háskólans á næsta ári.
Samþykkt var samhljóða að rektor verði formaður afmælisnefndarinnar og tilnefni aðra nefndarmenn í samræmi við tillögur undirbúningsnefndar.

- 4.4 Fram var lagt yfirlit yfir starfsnefndir háskólaráðs og tengsl þeirra við sameiginlega stjórnslu.
- 4.5 Drögum að reglum um framgang var vísað til deilda, stofnana, félags háskólakennara og jafnréttisnefndar.

Rektor þakkaði framkvæmdastjórum fjármála- og kennslusviðs fyrir störf þeirra með háskólaráði.

Fleira var ekki gert
Fundu slitið kl. 15:10